FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

276. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 22. NÓVEMBER 2016



Gífurlegt tjón varð þegar eldur braust út í fiskþurrkunarvinnslu í Eyja- og Miklaholtshreppi í gær. Á fimmta tug manna, víðsvegar af landinu, glímdu við eldinn. Sjá síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Veglegt jólablað fylgir Fréttablaðinu í dag. Þar er að finna mataruppskriftir, hugmyndir að skreytingum og föndri og margt fleira sem lesendur blaðsins á öllum aldri geta nýtt sér og leyft sér að njóta.

# Telur MS-úrskurð víkja réttarvernd til hliðar

## Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur fellt niður 440 milljóna króna sekt á MS.

**SAMKEPPNISMÁL** Áfrýjunarnefnd samkeppnismála fellir úr gildi 440 milljóna króna sekt Samkeppniseftirlitsins á MS fyrir misnotkun á markaðsráðandi stöðu.

„Við erum að fara yfir úrskurðinn en erum hugsi yfir honum. Í honum virðist vera lögð til grundvallar önnur túlkun á samspili búvörulaga og samkeppnislaga heldur en við og áfrýjunarnefnd höfum byggt á hingað til,“ segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

„Er það sérstakt ánægjuefni að nefndin skuli hafa staðfest að samstarf MS við tengda aðila hafi verið að fullu í samræmi við lög og að Samkeppniseftirlitið hafi ekki gefið samspili samkeppnislaga og búvörulaga nægilegan gaum í rannsókn sinni,“ segir í tilkynningu frá Ara Edwald, forstjóra MS.

„Ef þetta er niðurstaðan þá er hætta á því að búið sé að víkja, að hluta til og að verulegu leyti, til hliðar þeirri réttarvernd sem bannið við misnotkun á markaðsráðandi stöðu veitir bæði minni fyrirtækjum og neytendum og bændum á þessu sviði,“ segir Páll Gunnar.

Mjólkursamsalan hefur þegar greitt ríkissjóði þær 480 milljónir króna sem Samkeppniseftirlitið lagði á hana í sekt vegna málsins, annars vegar 440 milljónir fyrir fyrrgreint atriði og hins vegar 40 milljón króna sekt fyrir að hafa haldið mikilvægum gögnum frá Samkeppniseftirlitinu. Áfrýjunarnefndin staðfesti niðurstöðuna varðandi síðara atriðið.

- gar / sjá síðu 10

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** María Óskarsdóttir skrifar um örorkulífeyri. 19

**SPORT** Eygló Ósk vill koma sér að hjá keppnisliði í Evrópu og gerast atvinnumaður. 16

**TÍMAMÓT** John F. Kennedy ráðinn af dögum í Dallas 22. nóvember 1963. 18

**LÍFIÐ** Rapparinn GKR gaf út myndband við lag sitt Meira á laugardaginn, en það vakti athygli margra tónlistaráhugamanna. 26



**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

JÓLAGJAFAHANDBÓKIN
ER KOMIN ÚT

FULLT AF FLOTTUM
HUGMYNDUM Í PAKKANN



SMÁRALIND

## Veður




Sunnan- og suðvestanátt, 3-8 m/s. Víða dálítil snjómugga, en slydda með suður- og suðvesturströndinni og úrkomulítið norðaustan til. SJÁ SÍÐU 20

# Andlát: Gunnar Eyjólfsson



Gunnar Eyjólfsson leikari lést í gær níutíu ára að aldri.

Ferill Gunnars var afar farsæll og lék hann í á annað hundrað leiksýningum auk fjölda kvikmynda, sjónvarpsmynda og útvarpsleikrita. Gunnar nam í Royal Academy of Dramatic Art í London á árunum 1945-47 og lék um skeið í Stratford og London.

Árið 1961 var Gunnar fastráðinn leikari í Þjóðleikhúsinu. Þar lék hann meðal annars burðarhlutverk í Hamlet, Ödípusi konungi og Galdra-Lofti svo aðeins örfá séu nefnd.

Gunnar var fyrstur útlendinga til að hljóta Shakespeare-verðlaun RADA og fékk heiðursverðlaun Grímunnar 2013. Þá veitti forseti Íslands Gunnari riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf hans að leiklist og í þágu æskulýðsmála.

## Er á meðan er



Vetur konungur hefur lagt frostkalda hönd sína á Reykjavíkurtjörn og útbúið þar leikvöll fyrir spræka borgarbúa sem hættu sér út á ísinn er sólin var að hníga til viðar í gær. Spáð er frosti í höfuðborginni í dag og á morgun en á fimmtudag á að hlýna rækilega og rigna. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Saltsýra er afar ætandi og því var mikið kapp lagt á að hreinsa hana upp sem fyrst. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Sýra lokaði Hverfisgötu

**SLYS** Hverfisgötu var lokað um stund í gærmorgun eftir að brúsi með saltsýru valt um koll. Um fimmtán lítrar af saltsýru láku á götuna en lokunin var vegna hreinsistarfs slökkviliðsmanna á vettvangi.

Óhappið varð við gatnamót Hverfisgötu og Vatnsstígs.

Greiðlega gekk að smúla vökvann burt og var Hverfisgata opnuð á ný um þremur tímum síðar, skömmu fyrir hádegi. **– jóe**




# Keppni um sjúklingana

**Frá og með áramótum eiga allir íbúar höfuðborgarsvæðisins að vera skráðir hjá heilsugæslu. Stöðvarnar fá fjármagn í samræmi við fjölda skráðra einstaklinga.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Nýtt fjármögnunarkerfi fyrir heilbrigðisþjónustu, sem tekið verður upp eftir áramót, felur meðal annars í sér að fjármagni til heilsugæslustöðva verður dreift í samræmi við fjölda einstaklinga sem skráðir eru hjá stöðvunum.

Í grein Breiðholtsblaðsins hvetur Hrafnhildur Halldórsdóttir, fagstjóri hjá Heilsugæslunni Mjódd, íbúa til að skrá sig þar.

„Ég vil nota tækifærið og hvetja þá sem ekki eru þegar skráðir en óska eftir því að vera það, að skrá sig því það hjálpar okkur að efla þjónustu stöðvarinnar,“ skrifar Hrafnhildur.

Í greininni segir að íbúar Neðra-Breiðholts, sem búa á „upptökusvæði“ Heilsugæslunnar Mjódd, séu rúmlega 12.000 en rúmlega 8.400 séu skráðir á stöðina.

„Það þarf ekki að vera að þeir íbúar hverfisins sem ekki eru skráðir á heilsugæslustöðina séu skráðir annars staðar. Fjöldi manns er ekki skráður hjá heimilislækni. En frá og með 1. janúar á næsta ári eiga allir sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu að vera skráðir á heilsugæslustöð eða sjálfstætt starfandi heimilislækni,“ segir Ingveldur Ingvarsdóttir, deildarstjóri hjá Sjúkratryggingum Íslands.

Ingveldur segir nýja fjármögnunarkerfið óhjákvæmilega leið til samkeppni milli heilsugæslustöðva.

Þá segir Ingveldur að hver heilsugæslustöð muni áfram sinna ákveðnum svæðum en einstaklingum verði gert auðveldara en nú að færa sig á aðrar stöðvar. Það henti ekki öllum að vera skráður á heilsugæslustöð þar sem lögheimilið er.

„Það getur til dæmis verið miklu þægilegra að vera skráður á heilsugæslustöð nálægt vinnustaðnum. Einnig verður möguleiki á að halda áfram hjá sama lækni á sömu stöð þótt menn flytji í annað hverfi. Ef einstaklingur er ekki sáttur við þjónustu sem er í boði, getur hann fært sig á aðra stöð eða sjálfstætt starfandi heimilislæknis,“ greinir Ingveldur frá.



Nokkur þúsund íbúar í póstnúmeri 109 eru ekki skráðir hjá Heilsugæslunni Mjódd. Fagstjórinn þar hvetur íbúa til að skrá sig. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Það hentar manni kannski ekki að vera skráður á heilsugæslustöð þar sem maður er með lögheimili. Það getur verið miklu þægilegra að vera skráður á heilsugæslustöð nálægt vinnustaðnum.



Ingveldur Ingvarsdóttir, deildarstjóri hjá Sjúkratryggingum Íslands

Hægt er að breyta skráningu á heilsugæslustöð hvenær sem er í Réttindagátt Sjúkratrygginga Íslands, www.sjukra.is

Samkvæmt nýja fjármögnunarmódelinu er tekið tillit til fjölda einstaklinga sem skráðir eru á hverri heilsugæslustöð, aldurssamsetningar þeirra og sjúkdómsbyrði. Jafnframt verður tekið tillit til ýmissa félagslegra þátta.

Tvær nýjar heilsugæslustöðvar, sem verða einkareknar, verða opnaðar á næsta ári. Hægt verður á skrá sig á biðskrá hjá þeim áður en þær verða opnaðar. Einkareknu stöðvarnar fá greitt eftir sama kerfi og aðrar heilsugæslustöðvar og greiðsla almennings fyrir þjónustu þeirra verður sú sama og hjá þeim heilsugæslustöðvum sem reknar eru af ríkinu, að sögn Ingveldar. **ibs@frettabladid.is**

# Tímalaus hönnun
# á jólatilboði



Eames DSW
Tilboðsverð 52.900 kr.
Verð áður 63.900 kr.
Charles og Ray Eames, 1950

## Eames DSR
Tilboðsverð 39.500 kr.
Verð áður 45.900 kr.
Charles og Ray Eames, 1950





Eames DAW
Tilboðsverð 66.900 kr.
Verð áður 82.900 kr.
Charles og Ray Eames, 1950



Eames RAR
Tilboðsverð 69.900 kr.
Verð áður 84.900 kr.
Charles og Ray Eames, 1950



Eames DAR
Tilboðsverð 48.900 kr.
Verð áður 56.900 kr.
Charles og Ray Eames, 1950

***Tilboð gilda frá 14. nóvember til 24. desember 2016***

Penninn Húsgögn

vitra.

**Opið virka daga** 8:00–18:00
**Laugardaga** 11:00–15:00

Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91-93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafirði

Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is

ÍSLENSKA/SIA.IS PEN 77744 12/15

# Sarkozy tapaði fyrir Fillon og Juppé

**FRAKKLAND** Nicolas Sarkozy, fyrrverandi Frakklandsforseti, verður ekki í framboði til forseta Frakklands þegar kosningar verða haldnar næsta vor.

Hann fékk ekki nógu mörg atkvæði í forvali flokks Lýðveldissinna, sem haldið var um helgina. Lýðveldissinnar eru stærsti flokkur hægri manna á franska þinginu, arftakar UMP-flokksins sem skipti um nafn á síðasta ári.

Tveir fyrrverandi forsætisráðherrar, þeir François Fillon og Alain Juppé, urðu efstir í forvalinu en þar sem hvorugur þeirra hlaut hreinan meirihluta verður kosið á milli þeirra í annarri umferð á sunnudaginn kemur.

Fyrirfram hafði verið búist við því að Sarkozy ætti góða möguleika, en mikið fylgi Fillons kom á óvart. Juppé hafði verið efstur í skoðanakönnunum og Sarkozy næstur.

Marine Le Pen, leiðtogi frönsku Þjóðfylkingarinnar, hefur síðan mælst með vaxandi fylgi í skoðanakönnunum undanfarið. Fyrir helgi birtust fjórar skoðanakannanir, sem allar sýndu að hún ætti mun betri möguleika en Sarkozy í forsetakosningunum.

Það yrði þá í fyrsta sinn sem Frakkar kysu forseta úr röðum hægri þjóðernissinna. Hún fékk hins vegar þriðja mesta fylgið í forsetakosningum árið 2012, næst á eftir Sarkozy og François Hollande, sem sigraði.

Juppé ætti hins vegar samkvæmt skoðanakönnunum betri möguleika gegn Le Pen í þetta sinn.

Fyrri umferð forsetakosninganna verður haldin 23. apríl. Hljóti enginn frambjóðenda hreinan meirihluta þá verður efnt til annarrar umferðar hinn 7. maí. **– gb**




**Nicolas Sarkozy var forsætisráðherra Frakklands í fimm ár, frá 2007 til 2012, en hefur misst af tækifærinu til endurkomu á næsta ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**Samsung GalaxyS7 á ekki að springa.**

## Samsung lofar bótum

**TÆKNI** Snjallsímarisinn Samsung heitir því að Galaxy S7, nýr snjallsími fyrirtækisins, muni ekki springa framan í notendur. Hann sé ekki háður sama rafhlöðukvilla og Galaxy Note 7. Sá sími átti það til að ofhitna svo að í honum kviknaði. Um þetta tilkynnti Samsung í gær eftir að tækniblaðamaður hjá BGR fjallaði um að Galaxy S7 Active, eins konar sportútgáfa S7, hefði sprungið á fréttastofunni.

„Samsung er fullvisst um öryggi og gæði Galaxy S7 fjölskyldunnar. Engin staðfest tilfelli hafa borist um rafhlöðubilanir þeirra rúmlega tíu milljóna tækja sem nú eru í notkun í Bandaríkjunum,“ segir í yfirlýsingunni.

Bilanir í fyrrnefndum Note 7 urðu Samsung til mikils tekjutaps. Nú hefur sá sími hins vegar verið tekinn af markaði og úr framleiðslu. **– þea**

## Enn ekki útséð með ríkisstjóra

**BANDARÍKIN** Þótt tvær vikur séu frá kosningum í Bandaríkjunum er enn ekki komið á hreint hvort Repúblikaninn Pat McCrory haldi ríkisstjóraembætti Norður-Karólínu eða hvort Demókratinn Roy Cooper flytji inn í ríkisstjórabústaðinn eftir áramót. Frá þessu greinir New York Times.

Alls munar nú rúmlega sex þúsund atkvæðum á McCrory og Cooper sem hefur yfirhöndina. Repúblikanar segja tæknileg vandamál og kosningasvindl skýra forskotið. Látnir hafi kosið sem og fangar án kosningaréttar. Og sumir hafi kosið oftar en einu sinni. **– þea**

# Framtíð bankastjórans í óvissu

Ríkisendurskoðun átelur Landsbankann fyrir aðferð við sölu eigna árin 2010 til 2016. Orðsporið sé skaðað. Endurheimta þurfi traust. Bankinn aflaði sér ekki nægra upplýsinga um Borgun fyrir sölu fyrirtækisins.

**VIÐSKIPTI** Forsvarsmenn Bankasýslunnar munu funda með bankaráði Landsbankans fljótlega til þess að ræða viðbrögð við skýrslu Ríkisendurskoðunar um eignasölu Landsbankans á árunum 2010 til 2016.

Ríkisendurskoðun telur að Landsbankinn hefði þurft að „fylgja betur þeim meginkröfum að selja mikilvægar eignir í opnu og gagnsæju söluferli eða rökstyðja ella frávik frá þeim kröfum“, eins og segir í skýrslunni.

„Að mati stofnunarinnar hafa vinnubrögð bankans við eignasölur á undanförnum árum skaðað orðspor hans auk þess sem hann lét ekki alltaf á það reyna með fullnægjandi hætti hvort fá hefði mátt hærra verð fyrir eignirnar,“ segir Ríkisendurskoðun jafnframt og bætir við að bankaráðið þurfi að grípa til ráðstafana til að endurheimta það traust sem bankinn hefur á undanförnum árum stefnt í hættu með verklagi sínu við sölu á verðmætum eignum.

Hvorki formaður bankaráðsins né stjórnarformaður Bankasýslunnar, sem heldur utan um 98 prósenta hlut ríkisins í bankanum, vill tjá sig um það hvort bankastjóranum, Steinþóri Pálssyni, sé sætt í embætti.

„Meðan bankastjórinn er við stjórn bankans þá nýtur hann trausts bankaráðsins. En ég vil ekkert tala um efni skýrslunnar eða okkar aðgerðir í dag. Við eigum eftir að fara betur yfir þessa skýrslu,“ segir Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs Landsbankans.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er sérstaklega fjallað um sölu Landsbankans á eignarhlutum sínum í Vestia og Icelandic Group árið 2010, Promens árið 2011 og jafnframt Framtakssjóði Íslands og IEI árið 2014.

Einnig er fjallað um söluna á hlutum bankans í Borgun og Valitor árið 2014. Bendir Ríkisendurskoðun á að allar þessar sölur hafi farið fram í lokuðu ferli og í sumum tilvikum hafi líklega fengist lægra verð fyrir eignarhlutina en vænta mátti miðað við verðmætin sem þeir geymdu.

Þá er Landsbankinn gagnrýndur sérstaklega fyrir að hafa ekki aflað sér nægilegra upplýsinga um greiðslukortafyrirtækið Borgun, meðal annars um aðild fyrirtækisins að Visa Europe Ltd. Segir Ríkisendurskoðun erfitt að meta þá fjárhæð sem Landsbankinn fór á mis við þegar fyrirtækið var selt Visa International, þar sem hagnaður Borgunar (um 6,2 milljarðar) hafi orðið til eftir sölu eignarhlutarins.
**jonhakon@frettabladid.is**



**Harðlega var mótmælt í höfuðstöðvum Landsbankans þegar upp komst að bankinn hefði orðið af miklum verðmætum vegna sölunnar á Visa Europe.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Að mati stofnunarinnar hafa vinnubrögð bankans við eignasölur á undanförnum árum skaðað orðspor hans.**
>
> Úr skýrslu Landsbankans um eignasölu Landsbankans





*„Satt best að segja er frásögnin alveg nógu ógnvekjandi ... bókarýnir, sem sat einn og las seint um kvöld, þurfti að sækja sér sofandi smábarn og hafa sér við hlið til að þora að halda áfram að lesa ... Hildur Knútsdóttir er flinkur penni og lætur vel að skrifa fantasíur ...“*
HELGA BIRGISDÓTTIR / HUGRÁS

*„Æðisleg hrollvekja.“*
EH / KILJAN (UM VETRARFRÍ)

★★★★
*„Mjög vel gert.“*
ÁM / MORGUNBLAÐIÐ (UM VETRARFRÍ)



*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*

# Sigllt til framtíðar

## Magnað ferðalag Emblu 2016

Embla er 11 m langur harðbotna slöngu-bátur (RIB) sem er hannaður og smíðaður hjá fyrirtækinu Rafnar í Kópavogi.

**Í maí sl. sigldi** Embla frá Reykjavík til Svíþjóðar til að taka þátt í HSBO bátasýningunni (High Speed Boat Operations Forum) í Gautaborg þar sem flestir stærstu bátaframleiðendur heims sýna báta sína. Alls tók það Emblu 51 klukkustund og 39 mínútur að sigla þessar 1.363 sjómílur á 26,4 hnúta meðalahraða. Ekki er vitað til þess að bátur af þessari stærð hafi nokkru sinni áður siglt þetta hratt frá Íslandi yfir hafið. Embla sýndi afburða frammistöðu á ferðalaginu við margvísleg veðurskilyrði og mismunandi sjólag.

Rafnar ehf. er tæknivætt og framsækið fyrirtæki sem var stofnað árið 2005 af Össuri Kristinssyni í þeim tilgangi að innleiða nýstárlega hugmynda-fræði í hönnun skipsskrokka.

**Fólki sem fæst við löggæslu- og björgunarstörf, hafnsögu og aðra siglingatengda starfsemi, býðst nú að koma í reynslusiglingu með Emblu. Upplýsingar og bókanir hjá Þorsteini Jónínusyni í 525 2320 eða thorsteinn.joninuson@rafnar.is**




51 Klst. 39 Mínútur

1.363 Sjómílur

26,4 Hnúta meðalhraði




www.rafnar.is | info@rafnar.is | 525 2320

RAFNAR



Sigurður Hreinsson, eigandi þurrkunarinnar, segir það hafa verið magnaða, en hræðilega, sjón þegar „kviknaði í reyknum“. Í vinnslunni var mikið af þurrum fiski sem fuðraði upp en logað hafði í honum í nokkra stund áður en eldurinn náði um allt hús. Sigurður lýsir sjónarspilinu á þann veg að það hafi verið líkt og þúsund lítrum af olíu hefði skyndilega verið sturtað á bálið sem logaði þá enn skærar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Stafalogn og gnótt vatns afstýrði altjóni

**Stór hluti fiskþurrkunar í Eyja- og Miklaholtshreppi brann til grunna í eldsvoða í gær. Aðstæður til slökkvistarfs voru með allra besta móti. Hægt var að stífla læk á staðnum en vatn úr honum dugði rúmlega til verksins. Tjónið hleypur líklega á hundruðum milljóna.**

**BRUNI** Stórtjón varð þegar hluti fiskþurrkunar að Miðhrauni í Eyja- og Miklaholtshreppi brann til kaldra kola í gær. Góð veðurskilyrði björguðu því að ekki fór verr.

„Slökkvistarf gekk mjög vel. Við náðum að verja tengibyggingu sem tengdi saman gamla og nýja húsið og því slapp hið nýrra,“ segir Bjarni Þorsteinsson, slökkviliðsstjóri í Borgarbyggð. Blankalogn var á svæðinu auk þess sem unnt var að stífla læk á staðnum og brúka vatn úr honum til slökkvistarfs. Þá var beltagrafa á svæðinu sem notuð var til að brjóta mönnum leið inn í húsið. Ríflega fjörutíu manns komu að slökkvistarfinu. Þeir sem komu lengst að voru frá Suðurnesjum.

„Þeir komu hingað með svokallaðan loftbanka sem gerði það að verkum að hægt var að fylla á kúta reykkafaranna strax. Það bjargaði miklu,“ segir Bjarni.

Húsið sem brann er gjörónýtt. Það hýsti alla þurrkunarklefa og stóran hluta vinnslunnar. Leiða má líkur að því að kviknað hafi í austurenda hússins þar sem sá vestari var heillegri. Eldsupptök eru ekki ljós.

„Þetta eru eflaust einhver hundruð milljóna sem töpuðust þarna,“ segir Sigurður Hreinsson, eigandi



Á staðnum var beltagrafa sem notuð var til að rífa niður veggi hússins. Reykkafarar komust því mun nær rótum eldsins en ella. Mikið munaði um loftbanka en þökk sé honum tók aðeins mínútur að koma reykköfurum inn á ný.

> Við náðum að verja tengibygginguna sem tengdi saman gamla og nýja húsið og því slapp hið nýrra.
>
> Bjarni Þorsteinsson, slökkvisliðsstjóri Borgarbyggðar



þurrkunarinnar. Með húsinu fuðraði þrjátíu ára ævistarf hans upp auk þess sem á þriðja tug manna hafa atvinnu af þurrkuninni.

Vörubílstjóri varð eldsins fyrst var síðla nætur. Sigurður segir að slökkviliðið hafi verið fljótt á staðinn þó að hann hafi upplifað biðina sem heila eilífð. Á meðan horfði hann á eldinn magnast. „Eldurinn hafði kraumað í einhvern tíma áður en hann blossaði upp um alla verksmiðju. Þá kviknaði í reyknum. Það



Lögregla kannaði vettvang í gær en rannsókn verður fram haldið í dag. Tjónið er gífurlegt en í húsinu voru kælar og klefar til að þurrka fisk. Á þriðja tug manna eru án atvinnu á meðan vinnslan er stopp.

var eins og fleiri þúsund lítrum af olíu hefði skyndilega verið sturtað yfir allt,“ segir Sigurður.

Hann er slökkviliðsmönnunum þakklátur fyrir að ekki fór verr. „Hér var stafalogn og mennirnir stóðu sig eins og hetjur. Það er hálf ótrúlegt að í sitthvorum enda hússins sem fór standa skúrar, annar með inntakinu fyrir heita vatnið og hinn fyrir rafmagnið. Það tókst að verja þá báða. Það var lán í þessari ömurlegu ógæfu.“

„Enginn dó. Það brunnu aðeins hlutir sem hægt er að byggja upp aftur,“ segir Sigurður að lokum.

johannoli@frettabladid.is


ÖFLUG LAUSN VIÐ HÁLSBÓLGU!

Strefen®

Bólgueyðandi og verkjastillandi munnsogstafla við særindum í hálsi

Nýtt






Strefen 8,75 mg munnsogstöflur og Strefen Orange 8,75 mg Sukkerfri, munnsogstöflur. Innihalda flurbiprofen. Strefen er notað sem skammtímameðferð til að draga tímabundið úr særindum í hálsi hjá fullorðnum og börnum eldir en 12 ára. Sjúga skal eina munnsogstöflu rólega og láta leysast upp í munni á 3-6 klst. fresti eftir þörfum, mest 5 töflur á sólahring. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en í 3 sólarhringa. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

www.apotekarinn.is

Apótekarinn - lægra verð

www.dacia.is

DACIA LOGAN, DÍSIL

# RISASTÓR, ÓDÝR OG SPARNEYTINN FJÖLSKYLDUBÍLL.




Verð kr.

**2.690.000** þús.

573 lítra farangursými (rúmar 4 golfsett langsum)
Eyðsla í blönduðum akstri 3,8 L/100 km*



**200.000 KR. KAUPAUKI**

**16" álfelgur með vetrardekkjum** að verðmæti kr. 200.000 fylgja nýjum Logan meðan birgðir endast

**Hlaðinn staðalbúnaði m.a.:** Íslenskt leiðsögukerfi, 7" LED skjár, bakkskynjarar, hraðastillir (Cruise control), Bluetooth handfrjáls símabúnaður, útvarp og geislaspilari með USB tengi fyrir MP3 spilara/Ipod, 4 hátalarar, aðgerðahnappar í stýri, sex aðgerða aksturstölva, útihitamælir, ræsivörn, loftkæling AC, leðurstýri, litaðar rúður, svart slitsterkt „Compass" tauáklæði, niðurfellanleg aftursæti, hæðarstilling á ökumannssæti, ESC stöðugleikastýring, þokuljós að framan o.m.fl.

Dacia eco2

ENNEMM / SÍA / NM78596

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

## Fólkið sem reynir að smíða stjórnarsáttmála

Málefnahópar á vegum flokkanna fimm sem nú reyna að mynda ríkisstjórn eru teknir til starfa. Hver flokkur hefur tilnefnt einn fulltrúa í hvern málefnahóp en utan málefnahópanna starfa formennirnir sem reyna að komu öllu saman og taka á álitamálum.

| | FORMENN | ATVINNUVEGAMÁL | EFNAHAGSMÁL | HEILBRIGÐIS- OG MENNTAMÁL | ALÞJÓÐAMÁL OG STJÓRNARSKRÁIN |
|---|---|---|---|---|---|
| VINSTRI GRÆN | Katrín Jakobsdóttir | Lilja Rafney Magnúsdóttir | Steingrímur J. Sigfússon | Rósa Björg Brynjólfsdóttir | Steinunn Þóra Árnadóttir |
| PÍRATAR | Verkaskipting | Jón Þór Ólafsson | Smári McCarthy | Einar Brynjólfsson | Birgitta Jónsdóttir |
| VIÐREISN | Benedikt Jóhannesson | Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir | Þorsteinn Víglundsson | Hanna Katrín Friðriksson | Jóna Sólveig Elínardóttir |
| BJÖRT FRAMTÍÐ | Óttarr Proppé | Björt Ólafsdóttir | Theodóra S. Þorsteinsdóttir | Nichole Leigh Mosty | Eva Einarsdóttir |
| SAMFYLKING | Logi Einarsson | Gunnar Tryggvason | Oddný Harðardóttir | Guðjón Brjánsson | Heiða Björg Hilmisdóttir |

# Skattamálin áhyggjuefni í viðræðunum

**Hugmyndir Vinstri grænna um hátekjuskatt gætu reynst það sem erfiðast verður að ná saman um í stjórnarmyndunarviðræðunum. Prófessor telur þó að staðan í stjórnmálunum auki samstarfsvilja flokkanna og efli tilraunir til að ná málamiðlunum um stóru málin.**

**STJÓRNMÁL** Það mun ekki reynast vandamál að ná málamiðlun um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður við Evrópusambandið í stjórnarmyndunarviðræðunum.

Þetta herma heimildir Fréttablaðsins innan Vinstri grænna sem reyna nú að mynda ríkisstjórn með fjórum flokkum sem allir leggja áherslu á að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um hvort þjóðin vilji aðildarviðræður við Evrópusambandið.

Formlegar stjórnarmyndunarviðræður hófust í gær og verða með sama fyrirkomulagi og í stjórnarmyndunarviðræðum Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar sem sigldu í strand. Flokkarnir hafa allir tilnefnt fulltrúa sem fara yfir afmörkuð málefni fyrir hönd flokks síns.

Formenn flokkanna vinna að því að samræma stefnu, taka á álitamálum eða ágreiningsmálum sem málefnahóparnir ná ekki að leysa.

„Það virðist vera mest bil á milli flokkanna þegar kemur að stjórnarskrárbreytingum, sjávarútvegsmálum og skattamálum,“ segir Baldur Þórhallsson, stjórnmálafræðiprófessor við Háskóla Íslands.

Þátttakendur í stjórnarmyndunarviðræðunum sem Fréttablaðið ræddi við hafa áhyggjur af því að skattamálin muni reynast hvað erfiðust. Sérstaklega renni hugmyndir Vinstri grænna um að leggja á hátekjuskatt ekki ljúflega ofan í Viðreisnarfólk.

„Ég hugsa að lausnin gæti orðið sú að skattleggja sjávarútveginn og ferðaþjónustuna sem gengur mjög vel og gæti að margra mati greitt meira í sameiginlega sjóði landsmanna,“ segir Baldur sem telur þá stöðu sem komin er upp í stjórnmálunum, sem og að nú þegar hafi stjórnarmyndunarviðræður runnið út í sandinn, auki samstarfs- og málamiðlunarvilja flokkanna.

„Píratar hafa, að mér finnst, allir verið af vilja gerðir til að vinna með þessum miðju- og vinstriflokkum. Þeir eru stöðugt að senda frá sér þau skilaboð að þeir séu stjórntækur flokkur. Varðandi VG þá hefur flokkurinn ekki marga aðra kosti ef þetta gengur ekki upp. Ég held að þar á bæ leggi menn allt kapp á að þessir flokkar nái saman því það þýðir að öllum líkindum að formaður þeirra verði forsætisráðherra. Þessi stjórn er svo eina leið Samfylkingar til áhrifa á þessu kjörtímabili. Það er misskilningur að flokkar byggi sig betur upp utan stjórnar en innan.“

**snaeros@frettabladid.is**


**Gildi – lífeyrissjóður**

*Sjóðfélagafundur*

*Hótel Reykjavík Natura, fimmtudaginn 24. nóvember kl. 16.30*

**Efni fundarins:**
- Staða og starfsemi Gildis – lífeyrissjóðs
- Samstarf við VIRK starfsendurhæfingu

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.

**Stjórn Gildis – lífeyrissjóðs**

GILDI Lífeyrissjóður www.gildi.is




**Nýmæli er sérstök uppbót til barnafólks.** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Fá líka uppbót í desember

**FÉLAGSMÁL** Greiðsla desemberuppbótar til atvinnuleitenda hefur verið tryggð með reglugerð félags- og húsnæðismálaráðherra. Óskert desemberuppbót er 60.616 krónur.

Nýmæli er að atvinnuleitendur með börn á framfæri fá jafnframt sérstaka uppbót sem nemur fjórum prósentum af óskertri desemberuppbót, eða rúmum 2.400 krónum fyrir hvert barn yngra en 18 ára.

Rétt á fullri desemberuppbót eiga þeir atvinnuleitendur sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins, hafa verið skráðir án atvinnu hjá Vinnumálastofnun í samtals tíu mánuði eða lengur á árinu 2016 og hafa staðfest atvinnuleit á tímabilinu 20. nóvember til 3. desember.

Greiðsla desemberuppbótar til þeirra sem eiga ekki fullan bótarétt reiknast í hlutfalli við rétt þeirra til atvinnuleysisbóta á árinu og fjölda mánaða sem viðkomandi hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur. Uppbót vegna barns eða barna tekur engum skerðingum.

Gert er ráð fyrir að desemberuppbætur verði greiddar út eigi síðar en 18. desember. **– shá**



# *Lækkað verð í nóvember – með kaupauka*

**KAUPAUKI**

**Ný vetrardekk frá Nokian komin undir og sumardekkin í skottið.**

Verðmæti kaupauka:

**121.000 kr.**

## FORD FIESTA
## ER VINSÆLASTI SMÁBÍLLINN

Fiesta er geysivinsæll á Íslandi, vinsælasti smábíllinn í Evrópu og býðst nú á lækkuðu vetrarverði með kaupauka. Fiesta er margverðlaunaður, sparneytinn og fáanlegur með magnaðri vél sem valin hefur verið „International Engine Of The Year“ þrjú ár í röð. Enginn gerir betur.

Staðalbúnaður er ríkulegur, hann fékk fimm stjörnur í öryggisprófi EURO NCAP og auðvitað er Fiesta sítengdur með Bluetooth. Þú færð framúrskarandi þjónustu hjá Brimborg og við tökum gamla bílinn upp í nýjan Fiesta.

## TILBOÐ

FULLT VERÐ: FORD FIESTA TREND
FRÁ 2.290.000 KR.

**VETRARVERÐ OG KAUPAUKI TIL 26. NÓVEMBER**

FRÁ **2.190.000** KR.

**Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Fiesta**
**- komdu núna og tryggðu þér Fiesta á vetrarverði með kaupauka**

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Kvennakór Reykjavíkur
aðventutónleikar Háteigskirkju
Fyrsta sunnudag í aðventu, þann 27. nóvember. kl. 17 og kl. 20.



Kvennakór Reykjavíkur heldur tvenna aðventutónleika í Háteigskirkju, fyrsta sunnudag í aðventu, þann 27. nóvember og fylgir þar eftir glæsilegum árangri í alþjóðlegu kóramóti á Spáni í haust. Fyrri tónleikarnir hefjast kl. 17 og þeir seinni kl. 20.

Á efnisskrá eru lög sem tónleikagestir þekkja og munu án efa koma öllum í hátíðarskap. Þar má nefna hinn gullfallega sálm Kolbeins Tumasonar frá 13. öld, Heyr himnasmiður við lag Þorkels Sigurbjörnssonar, Jólakötturinn eftir Jóhannes úr Kötlum við lag Ingibjargar Þorbergs í útsetningu Vilbergs Viggóssonar sem einnig útsetti fyrir kórinn lag eftir Peter Grönvall við texta Kristjáns Hreinssonar, Dansaðu vindur. Þá má einnig nefna gamlan vin, Gloríu eftir Vivaldi og fleiri hátíðlegar jólaperlur sem fylla efnisskrána. Í kjölfar hvorra tónleika um sig býður Kvennakór Reykjavíkur gestum að staldra við í safnaðarheimili Háteigskirkju og þiggja léttar og jólalegar veitingar, spjalla og njóta samverunnar.

Stjórnandi er Ágota Joó og einvalalið sér um undirleikinn. Það eru þeir Vilberg Viggósson á píanó, Hávarður Tryggvason á kontrabassa, Sigurgeir Agnarsson á selló og Zbigniew Dubik á fiðlu.

Miðaverð er 3.000 kr. í forsölu og 3.500 kr. við innganginn og fást miðar hjá kórkonum í síma 896-6468 eða í gegnum netfangið postur@kvennakorinn.is

SAFT
Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

# Úrskurður losar MS við 440 milljóna króna sekt

**Áfrýjunarnefnd Samkeppnismála hefur fellt úr gildi þá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins að leggja 440 milljóna króna sekt á MS vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu. Hins vegar stendur 40 milljóna króna sekt fyrir að leyna gögnum.**

**SAMKEPPNISMÁL** MS braut ekki lög með verðlagningu sinni á hráefnum til mjólkurframleiðslu segir í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Málið á rætur að rekja til ársins 2007 þegar afurðastöðvar mjólkuriðnaðarins, Kaupfélag Skagfirðinga (KS) og Osta- og smjörsalan, runnu saman í eina samsteypu, Mjólkursamsöluna (MS).

Árið 2012 kvartaði Mjólkurbúið til Samkeppniseftirlitsins og bar því við að það þyrfti að greiða 17 prósentum hærra verð fyrir hrámjólk heldur en keppinautar þess á markaði. Í kjölfarið hófst rannsókn Samkeppniseftirlitsins sem lauk með ákvörðun árið 2014 en sú ákvörðun var felld úr gildi af áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Ný ákvörðun Samkeppniseftirlitsins lá fyrir í sumar en þar var komist að þeirri niðurstöðu að MS hefði brotið gegn 11. grein samkeppnislaga og hefði að auki leynt gögnum frá Samkeppniseftirlitinu. MS var gert að greiða alls 480 milljónir í sekt vegna þessa. Niðurstöðunni var áfrýjað til áfrýjunarnefndarinnar.

Nefndin er skipuð þremur mönnum og klofnaði hún í afstöðu sinni. Bæði meiri- og minnihluti voru sammála um að undanþáguheimildir búvörulaga væru sértækari en samkeppnislög og kæmu því til álita við úrlausn málsins. Hins vegar voru nefndarmenn ekki sammála um hvort framlegðarsamkomulag MS og KS, frá árinu 2008, rúmist innan undanþágu búvörulaga.



**Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.**



**Ari Edwald, forstjóri MS**

Að mati meirihlutans er það svo en minnihlutinn, Jóhannes Karl Sveinsson formaður, taldi aðilum heimilt að gera samkomulag sín á milli um verkaskiptingu. Hins vegar sé útilokað að samkomulag um kaup MS á mjólk á lægra verði geti talist þáttur í verkaskiptingu sem heimil er samkvæmt búvörulögum. Því sé rétt að staðfesta ákvörðun Samkeppniseftirlitsins.

Bæði meiri- og minnihluti telur rétt að staðfesta ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um sekt sökum þess að MS hafi leynt gögnum fyrir eftirlitinu. Fjörutíu milljóna króna sektin fyrir að leyna gögnum var staðfest en 440 milljóna sektin fyrir misnotkun á markaðsráðandi stöðu var felld niður.

Félag atvinnurekenda sendi í gærkvöld frá sér áskorun til Alþingis um að „afnema undanþágu mjólkuriðnaðarins frá samkeppnislögum“. Það sé staðfest að Mjólkursamsalan leyndi gögnum fyrir Samkeppniseftirlitinu. „FA telur ótækt að fyrirtæki sem grunuð eru um samkeppnislagabrot komist upp með að tefja mál með því að leyna gögnum fyrir yfirvöldum.“

Páll Gunnar segir ekki hafa verið ákveðið hvort Samkeppniseftirlitið beri niðurstöðu áfrýjunarnefndarinnar undir dómstóla. „Það er auðvitað það sem við erum að velta fyrir okkur.“

Ari Edwald, forstjóri MS, segir í yfirlýsingu að samkvæmt lögum sé hluti af starfsemi mjólkuriðnaðarins undanþeginn afmörkuðum ákvæðum samkeppnislaga. „Markmið þessa er að lækka kostnað við framleiðslu mjólkurafurða, til ábata fyrir neytendur.“ **gar@frettabladid.is**



# Yrði jafn lengi og Kohl

Angela Merkel sækist eftir fjórða kjörtímabilinu sem Þýskalandskanslari og leiðtogi CDU-flokksins. Sósíaldemókratar eiga eftir að velja sinn frambjóðanda.

**ÞÝSKALAND** Um helgina tók Angela Merkel, leiðtogi Kristilegra demókrata, af skarið um að hún stefni að því að vera kanslari Þýskalands fjórða kjörtímabilið í röð.

„Ég hugsaði bókstaflega endalaust um þessa ákvörðun,“ sagði hún á blaðamannafundi á sunnudaginn. „En ég er tilbúin í slaginn á ný.“

Ekki er víst að Sósíaldemókrataflokkurinn, sem er í stjórnarsamstarfi með Kristilega demókrataflokknum, tefli fram leiðtoga sínum, Sigmar Gabriel varakanslara, gegn Merkel.

Ákvörðun um það verður væntanlega tekin í janúar, en Martin Schulz, forseti Evrópuþingsins, er einn þeirra sem gætu komið til greina.

Systurflokkur CDU í Bæjaralandi, CSU, fagnar ákvörðun Merkel en boðar að þessu sinni hugsanlegan ágreining við hana í kosningabaráttunni, að minnsta kosti í málefnum innflytjenda.

Horst Seehofer, sem er forsætisráðherra í Bæjaralandi og leiðtogi CSU, hefur lengi verið einn helsti andstæðingur innflytjendastefnu kanslarans. Hann sagði þrátt fyrir ágreininginn muni hann styðja Merkel.

Fyrir Merkel gæti þó hörð andstaða frá AfD-flokknum orðið erfiðust viðureignar, en flokkurinn er einn þeirra hægri þjóðernisflokka sem náð hafa töluverðu flugi víða í Evrópu með því að ala á ótta við



Angela Merkel var tvístígandi um framtíð sína þar til á sunnudaginn að hún tók af skarið og tilkynnti að hún vildi vera kanslari eitt kjörtímabil enn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> Ég hugsaði bókstaflega endalaust um þessa ákvörðun.
>
> Angela Merkel Þýskalandskanslari

flóttafólk og útlendinga almennt.

AfD, sem fullu nafni heitir Alternative für Deutschland eða Valkostur fyrir Þýskaland, hefur samkvæmt skoðanakönnunum undanfarið haft mikið fylgi, vel á annan tug prósenta, og mælist yfirleitt þriðji stærsti flokkur landsins.

Beatrix von Storch, einn forsprakka AfD, sakar Merkel hreinlega um að bera ábyrgð á dauða fjölda flóttafólks sem drukknað hefur á leiðinni yfir Miðjarðarhafið.

„Þegar AfD kemst á sambandsþingið þá þurfum við rannsóknarnefnd um Merkel, sem skoðar öll hennar lög- og stjórnarskrárbrot,“ sagði von Storch á sunnudag.

Merkel er orðin 62 ára og verði hún kanslari eitt kjörtímabil enn, þá mun hún að því loknu hafa setið í embættinu í 16 ár, jafn lengi og Helmut Kohl flokksbróðir hennar sem til þessa hefur verið kanslari Þýskalands lengur en nokkur annar frá því að seinni heimsstyrjöldinni lauk. **gudsteinn@frettabladid.is**









# Rafbraut um Ís



Ísland er í lykilstöðu til að leiða rafbílabyltingu heimsins. Orkusalan tekur af skarið og gefur öllum sveitarfélögum landsins hleðslustöð fyrir rafbíla og gera þannig rafbílaeigendum kleift að keyra hringinn í kringum landið. Verkefnið er einstakt á heimsmælikvarða og risastórt skref í átt að rafbílavæddu Íslandi, með minni útblæstri og meiri virðingu fyrir náttúrunni. Stuðið er hafið og áætlað er að afhenda allar hleðslustöðvarnar fyrir jól.

Brandenburg / SÍA


land
Orkusalan færir öllum sveitarfélögum landsins hleðslustöð fyrir rafbíla
orkusalan
422 1000 | orkusalan@orkusalan.is | orkusalan.is
Finndu okkur á Facebook

# Vágesturinn BRCA2



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Hver eru rökin fyrir því að fá vitneskju fyrr á lífsleiðinni um áhættu fyrir sjúkdómi sem maður er berskjaldaður fyrir?

0,6-0,8 prósent Íslendinga hafa meðfæddan genagalla, stökkbreytingu í krabbameinsgeninu BRCA2 (Breast Cancer gene 2). Konur sem eru með þessa stökkbreytingu í BRCA2 eru með 72 prósent líkur á því að fá brjóstakrabbamein fyrir sjötugt samkvæmt rannsókn sem birtist í Journal of the National Cancer Institute. Um tvö hundruð konur á ári greinast með brjóstakrabbamein hér á landi.

Við skulum láta umræðu um BRCA2, dulkóðun persónuupplýsinga og persónuupplýsingalöggjöfina liggja á milli hluta að sinni. Mary Claire King, frumkvöðull í rannsóknum á brjóstakrabbameinsgenum, telur rétt að skima allar konur fyrir stökkbreytingum í BRCA-genum með blóðrannsókn. Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir íslensk heilbrigðisyfirvöld hvort rétt sé að bjóða öllum konum 18 ára og eldri gjaldfrjálsa skimun fyrir BRCA2. Eða að minnsta kosti upplýsa um áhættuna og að viðkomandi standi frammi fyrir vali um skimun. Þvinguð skimun er ekki valkostur. Það myndi ganga gegn sjálfsákvörðunarrétti einstaklingsins og ganga í berhögg við réttarvitund fólks á Vesturlöndum. Hins vegar hlýtur það að vera skylda ábyrgra heilbrigðisyfirvalda í velferðarríki að upplýsa allar konur 18 ára og eldri um BRCA2-stökkbreytinguna og þá áhættu sem henni fylgir. Til þess að þær geti brugðist við áhættu þurfa þær annars vegar upplýsingar um eðli áhættunnar og upplýsingar um úrræði til að bregðast við henni.

Konur sem eru 18 ára og eldri geta farið í erfðapróf á Landspítalanum. Hins vegar er engin kerfisbundin fræðsla í gangi um áhættuna sem fylgir BRCA2. Konur fá aðstoð og úrræði til að bregðast við brjóstakrabbameini síðar á lífsleiðinni. Konur á aldrinum 40 til 69 ára fá boð um að mæta í hópleit að brjóstakrabbameini á tveggja ára fresti. Krabbameinið er greint með röntgenmyndatöku af brjóstum áður en einkenna gætir.

Því fyrr sem brjóstakrabbamein greinist því meiri líkur eru á lækningu. Vitneskja um BRCA2-stökkbreytingu gerir einstaklingnum betur kleift að búa sig andlega og líkamlega undir áhættuna af því sem 72 prósent líkur eru á að gerist. Að þessu sögðu er mikilvægt að við hefjum kerfisbundna fræðslu hjá konum 18 ára og eldri um BRCA2-stökkbreytinguna og upplýsum þær um að þær standi frammi fyrir vali: Að vita eða vita ekki. Þessi fræðsla getur jafnvel hafist fyrr, til dæmis á lokaári grunnskóla. Það er erfitt að skilja rökin fyrir því að vita ekki en manneskjan er flókin og stundum tekur tíma að öðlast nægan þroska til að taka ákvarðanir af þessu tagi. Ef við veitum fræðsluna hafa konur þetta val þegar þær hafa náð fullorðinsaldri og öðlast nægan þroska. Þær geta því fengið lengri tíma til að undirbúa sig undir ákvarðanir sem varða eigin heilsu. Tímann fram að þeirri stund að þær ákveða hvort þær vilji fá vitneskjuna eða vera áfram í myrkrinu.

> **Því fyrr sem brjóstakrabbamein greinist því meiri líkur eru á lækningu**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Þyrftu félagsheimili**

**Flokkarnir sem nú reyna stjórnarmyndun reyndu í gær að komast að því hvar ná megi saman fljótt og hverjir ásteytingarsteinarnir verða. Heimildir blaðsins herma að flokksmenn VG óttist að Viðreisnarfólk sé ekki í stjórnarmyndunarviðræðunum af heilindum, enda sé það þeim ekkert fagnaðarefni að starfa í ríkisstjórn sem hallar sér af þunga til vinstri. Eigi þessi fimm flokka ríkisstjórn að verða að veruleika verða Vinstri græn að komast yfir tortryggnina í garð Viðreisnar og auka traustið. Tilvalin leið til þess væri að skella sér út á land í almennilegt hópefli. Í þetta skipti dugar ekki sumarbústaður á Þingvöllum heldur þyrfti hersingin að leigja undir sig heilt félagsheimili.**

**Stólaleikurinn**

**Röðun í málefnahópa flokkanna gefa vísbendingu um það hverjir eru fulltrúar þeirra í ráðuneytin. Steingrímur J. Sigfússon og Oddný Harðardóttir, tveir fyrrverandi fjármálaráðherrar, eru í efnahagsnefndinni en það verður að teljast ólíklegt að þessir tveir þingmenn setjist aftur í sinn gamla stól. Það er nærri útilokað að VG fái bæði forsætisráðuneytið og fjármálaráðuneytið og Samfylking hefur allt of lítið fylgi til að fá svo mikilvægt ráðuneyti. Kannski er þetta fyrirkomulag vísbending um að Steingrímur endi sem forseti Alþingis fremur en í ráðherrastól.**

**snaeros@frettabladid.is**

# „Get ég hjálpað þér?“



Þóra Jónsdóttir
verkefnastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Öll börn eru einstaklingar með sjálfstæð mannréttindi sem samfélagið allt, sérstaklega þó fullorðna fólkið, á að taka þátt í að virða og framfylgja. Mörg börn búa við erfiðar aðstæður heima fyrir sem jafnvel mikil leynd ríkir yfir eða skömm. Því má velta fyrir sér hvernig aðstandendur, nágrannar eða vinir geta hjálpað börnum í slíkum aðstæðum. Það er auðvitað fyrst og fremst á ábyrgð foreldra og ríkisins í sameiningu að tryggja börnum góð uppeldisskilyrði og búa svo um að þau njóti allra þeirra mannréttinda sem Barnasáttmálinn kveður á um.

**Hverjum manni skylt**

Þó hvílir ákveðin skylda á almenningi að gera sitt til að hjálpa. Meðal annars má nefna að samkvæmt barnaverndarlögum er „öllum ... skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Þá er hverjum manni skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart ef ástæða er til að ætla að heilsu eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu með óviðunandi eða háskalegu líferni þungaðrar konu, t.d. með ofneyslu áfengis eða fíkniefnaneyslu, eða með því að þunguð kona er beitt ofbeldi eða ef ástæða er til að ætla að þunguð kona sé beitt ofbeldi eða um hvert það tilvik sem telja má að barnaverndarnefnd eigi að láta sig varða.“

En annað er líka hægt að gera þegar við höfum áhyggjur af börnum. Við getum átt samtal við foreldrana. Við getum sýnt þeim kærleika, stuðning og boðið styrk og huggun. Margir hafa þörf fyrir að hjálpa og margir geta þegið og vilja þiggja hjálp. Oft þarf ekki annað til en að gefa af tíma sínum til að eiga samtal. Gefum fólki færi á að létta á hjarta sínu. Líkur eru á að foreldrar einangrist síður með vanda sinn og hann ágerist síður, með tilheyrandi afleiðingum fyrir börnin, ef við gefum stundarkorn af tíma okkar til að spjalla. Alltaf er hægt að benda á ýmsar lausnir og bjóða stuðning.

> **Líkur eru á að foreldrar einangrist síður með vanda sinn og hann ágerist síður, með tilheyrandi afleiðingum fyrir börnin, ef við gefum stundarkorn af tíma okkar til að spjalla.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
22. NÓVEMBER 2016 ÞRIÐJUDAGUR

# ÁTTU ERFITT MEÐ SVEFN?

Lunamino er nýtt náttúrulegt svefnbætiefni sem kom á markað á Íslandi fyrr á þessu ári. Það inniheldur amínósýruna L-tryptófan sem er byggingarefni svefnhormónsins melatóníns ásamt völdum jurtum og bætiefnum sem öll eru þekkt fyrir róandi og slakandi áhrif. Það hjálpar okkur að sofna og nætursvefninn verður betri og samfelldari.

Góður svefn er undirstaða góðrar heilsu en um það bil þriðjungi mannsævinnar er varið í svefn. Að sögn Hrannar Hjálmarsdóttur, heilsumarkþjálfa hjá Artasan, er gott að koma sér upp rútínu fyrir svefninn sem miðar að því að slaka á og gleyma amstri dagsins. „Mikilvægt er að það sé ávallt ferskt og gott loft í svefnherberginu okkar og gott er að draga eins og hægt er úr rafmagnstækjanotkun ásamt því að sleppa alveg notkun á sjónvarpi, tölvum, iPad og símum rétt áður en farið er að sofa. Bæði getur rafsegulsviðið kringum tækin haft áhrif og svo er talið að bláu geislarnir frá skjánum leiði til minni framleiðslu af svefnhormóninu melatóníni í heilakönglinum og geti því spillt nætursvefninum.“ Hrönn mælir frekar með því að fólk fái sér góða bók að lesa, hlusti á róandi tónlist eða stundi einhvers konar slökun eða íhugun fyrir svefninn. „Gætum þess einnig að hafa hljótt í kringum okkur og dimmum herbergið vel þegar við ætlum að fara að sofa.“

### SVEFN OG YFIRÞYNGD

Svefn og mataræði tengjast að sögn Hrannar sterkum böndum. „Best er að borða létta máltíð á kvöldin og góð regla er að borða ekki eftir klukkan 19. Örvandi drykkjum sem innihalda koffín og/eða sykur ætti að sleppa alveg sem og að vera að borða sætindi og ruslfæði, því þó svo að við sofnum eru miklar líkur á því að við vöknum aftur þegar blóðsykurinn nær lágmarki. Einnig hefur svefnleysi áhrif á seddu og svengdarhormónin leptín og ghrelin sem ásamt brenglun á streituhormóninu kortisóli auka löngun okkar í orkuríkan mat.“

### SVEFNHORMÓNIÐ MELATÓNÍN

Líkaminn framleiðir svefnhormónið melatónín þegar fer að nálgast háttatíma. Þetta á að gerast á náttúrulegan hátt en hjá mörgum er eitthvað sem truflar þetta ferli, eins og t.d. það sem talið er upp hér að framan. „Þá eyðir fólk oft löngum tíma í að bylta sér í rúminu og jafnvel pirrast yfir að festa ekki svefn. Amínósýran L-tryptófan, sem fyrirfinnst í mörgum matvælum, er byggingarefni melatóníns og er það einnig eitt af innihaldsefnum Lunamino-svefnbætiefnisins.“

### RÓANDI JURTIR OG BÆTIEFNI

Auk L-tryptófans inniheldur Lunamino vel þekktar jurtir sem eru þekktar fyrir róandi og slakandi áhrif. „Þessar jurtir eru melissa sem hjálpar okkur að sofna ásamt lindarblómi og höfrum sem eru sérstaklega róandi. Lunamino inniheldur einnig blöndu af B-vítamínum og magnesíum. B-vítamín eru sérlega mikilvæg fyrir starfsemi taugakerfisins og magnesíum er vöðvaslakandi og getur m.a. dregið úr fótapirringi. Þessi góða blanda sérvalinna jurta og bætiefna ásamt L-tryptófani getur hjálpað okkur að sofna og gert nætursvefninn betri og samfelldari.“

**Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.**

> Lunamino getur reynst afar hjálplegt við að komast út úr þeim vítahring sem svefnleysi getur valdið og hjálpað til að við að bæta svefninn og svefnmynstrið.
>
> Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsu- og næringarmarkþjálfi



**Hrönn segir Lunamino geta hjálpað fólki að öðlast betri og samfelldari nætursvefn.**



**Lunamino inniheldur jurtir sem eru þekktar fyrir róandi og slakandi áhrif.**




**Lunamino kom nýlega á markað hér á landi og hefur gefið góða raun.**


## Áhrifaríkt náttúrulegt bætiefni fyrir þvagfærin

***ROSEBERRY*** er öflugt við ***blöðrubólgu*** og ***þvagfærasýkingum***




**Inniheldur þykkni úr trönuberjum ásamt hibiscus og C-vítamíni**

**NÝJAR UMBÚÐIR**




Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.

# BREYTINGAR TIL BATNAÐAR

Það er ekki eins flókið að gera bragarbót á lifnaðarháttum sínum og margir halda. Þegar nokkrar litlar breytingar eru gerðar á mataræðinu, hreyfingunni og andlegu hliðinni til betra horfs geta þær haft mikil áhrif þegar þær eru teknar saman.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



**Það er hægt að gera einfaldar og auðveldar breytingar á fjölmörgum sviðum til að bæta lífið, að skipta út einhverju sem er minna holt fyrir það sem er hollara. Eða bara að breyta til til þess eins að vera ekki alltaf í sömu rútínunni. Hér á eftir eru hugmyndir að breytingum sem geta leitt til heilbrigðara og hamingjuríkara lífs. Við byrjum á því að huga að breytingum á hreyfingunni.**

- Sprettir í stað skokks. Þeir sem eru vanir að hlaupa langar vegalengdir geta prófað að hlaupa svokölluð „interval“ hlaup í stað þess að hlaupa alltaf á sama hraða en þá er skipst á að taka spretti og hlaupa hægar. Það breytir álaginu á líkamann og þjálfar aðra vöðva.
- Plankar fyrir magaæfingar. Plankar reyna á meira en bara magavöðvana þannig að með því að taka planka í stað þess að gera hefðbundnar magaæfingar sláum við nokkrar flugur í einu höggi.
- Upp í stað jafnsléttu. Ef þið eruð vön að hlaupa á hlaupabretti er sniðugt að bæta við æfinguna með því að setja halla á brettið. Þið eruð fljót að finna muninn!
- Róður fyrir hlaup. Í flestum líkamsræktarstöðvum eru róðrarvélar. Hvernig væri að skipta hlaupunum út fyrir róður, róðurinn er góð æfing fyrir bæði efri og neðri hluta líkamans.
- Stigi í stað lyftu. Þetta er gefið … ef hægt er að ganga upp stiga í stað þess að hanga í lyftunni hlýtur það að vera heilbrigðari kostur.
- Göngur í stað kaffis. Í stað þess að fara á kaffihús og spjalla við vinina er sniðugt að draga þá út í göngutúr og spjalla á ferð.



**Það er alltaf hollara að labba upp stigann en að taka í lyftuna.** NORDICPHOTOS/GETTY

**Þegar verið er að gera breytingar til heilbrigðara lífernis má ekki gleyma andlegu hliðinni**

- Þakklæti í stað kvartana. Þeir sem einblína á jákvæðar hliðar lífsins og þakka fyrir það sem þeir hafa eru líklegri til að vera hamingjusamari en þeir sem hafa alltaf allt á hornum sér.
- Hugleiðsla í stað huggunaráts. Þegar stressið er að taka yfir leita sumir sér huggunar í ísskápnum. Í stað þess er sniðugt að dimma ljósin, setjast niður, hugsa inn á við og reyna að slaka á – þess vegna í bara fimm mínútur.
- Samferða í stað þess að vera einn. Það gæti verið upplífgandi að hafa vinnufélaga með sér í bílnum á morgnana á leið í vinnu til að spjalla við. Auk þess sem það er umhverfisvænna og ódýrara.
- Spjall í stað þess að byrgja inni. Lífið er ekki alltaf rósir og regnbogar og þegar eitthvað bjátar á er gott að tala um það við vin í stað þess að halda aftur af tilfinningunum og byrgja þær inni.




**Flestir geta bætt sig þegar kemur að mataræðinu**

- Ávöxtur í stað ávaxtasafa. Með því að borða heilan ávöxt fást meiri trefjar en þegar búið er að kreista safann í glas.
- Olía í stað sósu. Óhætt er að segja að fæstar sósur séu hollar. Ólífuolía eða balsamedik getur verið hollari kostur með matnum.
- Kanill fyrir sykur. Kryddið hafragrautinn með kanil í stað sykurs. Það er jafnvel hægt að prófa kanilinn í kaffið líka.
- Vínber í stað frostpinna. Frosin vínber eru fínasta snakk og geta vissulega komið í staðinn fyrir frostpinna (eða annað og óhollara sælgæti).
- Sódavatn í staðinn fyrir gos. Hægt er að fá sódavatn með ýmiss konar bragði. Reynið að finna ykkar bragð og þá gæti það komið í stað sætari gosdrykkja.
- Popp fyrir snakk. Poppið á gamla mátann í staðinn fyrir að detta í snakkát.





**Spjallið við vin í stað þess að loka á tilfinningar.**

## BÍLAR & FARARTÆKI

MAGNÚSSON Bílainnflutningur

Opið: 10 -18 alla virka daga.



SKODA Octavia Green Tec. Árgerð 11/2013, ekinn 117 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 2.380.000. Rnr.110039.

**Magnúson.is**
**Gilsbúð 3, 210 Garðabæ**
**Sími: 517 9500**
**www.magnusson.is**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppboð.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is



**STÚFURINN!!!**

'16 KIA RIO EX 1,4. EK 35Þ.KM, DÍSEL, BEINSK...ÁSETT 2.380 ÞÚS, BESTA VERÐIÐ 2.070 ÞÚS!!! #452009. S: 580 8900



**RÚMGÓÐI SNILLINGURINN!**

'15 KIA CEED STATION 1,4. EK 56 Þ.KM, DÍSEL, BEINSK...ÁSETT 2.490 ÞÚS, BESTA VERÐIÐ 2.380 þús!!! #452204. S: 580 8900



**KEMUR ÞÉR Í GEGNUM VETURINN!**

'15 KIA Sportage. Árgerð 2015, ekinn 70 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 4.490.000, BESTA VERÐIÐ 4.280 ÞÚS!!! #480003. S: 580 8900

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is



**SNILLD Í SNJÓNUM!!!**

'11 HSUN SANDSTORM 800 GÖTUSKRÁÐ. EK 1 Þ.KM, SJÁLFSKIPT... ÁSETT 1.290 ÞÚS, BESTA VERÐIÐ 999 ÞÚS!!! #451595. S: 580 8900

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

100bilar.is bílasala



MMC OutlanderInstyle Hybrid, 9/2016, nýr og ónotaður bíll, leður, topplúga, leiðsögukerfi ogfl, ásett verð 5.750 þús, er á staðnum, raðnr 230133. ( eigum fleiri liti)

**100 bílar ehf**
**Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18 virka daga & laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR**

Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Góð umgengni. malarar@simnet.is Sími 8919890

**MÁLARAR**

Faglærðir málarar geta bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 696 2748

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald




Tek að mér ýmis konar húsaviðhald fyrir jólin. Uppl. í s: 8478704 eða manninn@hotmail.com

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald. Uppl. í s. 858 3300

### Tölvur

Tölvuviðgerðir og uppfærslur Mac & Windows. Sæki / sendi.Tölvukarlinn Sími 5671 919 & 666 1919

### Nudd

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

### Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
562 8211

**SPÁSÍMINN 902 1020**

Spámiðlun heilun. Sjöfn spámiðill og heilari. Geymið auglýsinguna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is







## KEYPT & SELT

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

## HEILSA

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði óskast

Reyklaus, reglusamur kk óskar eftir að leigja herbergi í Rvk, með aðgangi að salerni, sturtu eða baðkari og þvottavél. Einnig þarf að vera vilji til að undirrita húsaleigusamning. Fyrirframgreiðsla kemur vel til greina. Hef meðmæli. Uppl. í s: 8489079

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**VÉLAVÖRÐUR/ HÁSETI**
Vantar strax á netabát frá Þorlákshöfn. Vélastærð 682 kw. Uppl. í s. 892 0367 og 483 3548 hsver@simnet.is


Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi


## fasteignir

**MIKLABORG** leitar að ...

**Einbýli í Garðabæ**

Kaupandi leitar af einbýlishúsi
á bilinu 300-400 fm í Garðabæ

- Öruggar, hraðar og góðar greiðslur


Nánari upplýsingar veitir
**Jason Kristinn Ólafsson**
aðstm. fasteignasala
sími: 775 1515
jassi@miklaborg.is


**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali
sími: 569 7000
oskar@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -


FRÉTTABLAÐIÐ



**Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.**

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi sölustöðum víðsvegar um landið:

N1 · nettó · BÓNUS


**FJÁRFESTING**
**FASTEIGNASALA EHF**
**Sími 562 4250**
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is




# SAFAMÝRI 33

- 108 Rvk.
- Sérhæð.156,8 fm.
- Möguleiki á 5 svefnherb.
- Gott skipulag.
- Innst í botnlanga.
- Mikið endurnýjuð.
- Bílskúr.

**Verð 56,9 millj.**




**Opið hús þriðjudag frá kl. 17:00 til 17:30**


Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi
**www.hagvangur.is**


**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Melhagi 8
### 4ra herbergja risíbúð

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Falleg og vel skipulögð 87,5 fm. risíbúð með svölum til suðausturs í fjórbýlishúsi. Rúmgóðar og bjartar skiptanlegar stofur. Tvö herbergi. Eldhús með hvítum viðarinnréttingum. Í ár var skipt um stærstan hluta glers og gluggar máladir. Raflagnir og tafla fyrir íbúð eru nýleg. Frábær staðsetning, stutt í skóla, íþróttasvæði KR og aðra þjónustu. **Verð 42,9 millj.**

## Fjólugata 21
### Sérhæð – þrennar svalir

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Falleg 120,7 fm. 6 herbergja sérhæð auk 22,0 fm. bílskúrs m.m. samtals 173,0 fm. á þessum frábæra stað í Þingholtunum. Eignin hefur fengið mjög gott viðhald í gegnum tíðina. Búið er að endurnýja m.a. baðherbergi og þak. Þrennar svalir, þar af einar um 35 fm. sem eru ofan á bílskúr og útgengt er á úr hjónaherbergi. Aukin lofthæð er í íbúðinni. **Verð 69,9 millj.**

## Lindargata 57
### 2ja herbergja - eldri borgarar

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 18.15 – 18.45**




Góð 52,9 fm. íbúð á 5. hæð. Útsýni til norðurs út á sundin og að Esjunni. Svalir til austurs. Íbúðinni fylgir sérgeymsla í kjallara hússins. Sameign er snyrtileg með rúmgóðum svölum til suðurs á hæðinni. Í húsinu er starfrækt félags- og tómstundastarf og hægt er að kaupa hádegismat alla daga og kaffiveitingar virka daga. **Verð 33,5 millj.**

## Fannafold 167
### Einbýlishús á einni hæð

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 18.15 – 18.45**




Mjög fallegt og vel viðhaldið 197,8 fm. einbýlishús á einni hæð á frábærum stað í Grafarvogi að meðtöldum 26,5 fm. bílskúr. Eignin skiptist m.a. rúmgott hol, eldhús, þvottahús, stofu, borðstofu, fjögur herbergi og baðherbergi. Stór afgirt norðvestur verönd með heitum potti. Hús að utan í góðu ástandi. Hellulögð innkeyrsla með hitalögn undir. Gróin falleg lóð með miklum trjágróðri. **Verð 73,9 millj.**
**Eignin er staðsett við opið svæði í rólegri botnlangagötu og í göngufæri við skóla og ýmsa þjónustu.**

# Þiggjum með þökk



Orri Hauksson
forstjóri Símans

Tíma lesenda Fréttablaðsins er ekki vel varið í að lesa langdregið orðaskak okkar Erlings Guðmundssonar, framkvæmdastjóra Gagnaveitu Reykjavíkur. Ítrekuð ónot GR í garð Símasamstæðunnar hafa verið talin ólögmæt af yfirvöldum neytendamála og verður þetta opinbera fyrirtæki nú vísast talið brotlegt enn á ný fyrir furðulegan atvinnuróg í okkar garð.

Hið fréttnæma er hins vegar, að sl. laugardag kom eitt afar jákvætt fram í máli forsvarsmanns GR, sem vonandi var ekki óviljandi. Þar setti framkvæmdastjórinn nefnilega fram þá stefnumótandi yfirlýsingu að allir eigi að geta „notað grunninnviði frá hverjum sem er“. Þannig vinnur einmitt Míla, dótturfélag Símans, en afstaða GR hefur verið önnur hingað til. Það er því kominn tími til að upplýsa lesendur sem enn fylgjast með að Símasamstæðan hefur um langa hríð reynt að kaupa aðgang að grunninnviðum Gagnaveitu Reykjavíkur, til að veita viðskiptavinum sínum þjónustu um, en án árangurs.

Skattgreiðendur og orkunotendur á höfuðborgarsvæðinu hafa undanfarin fimmtán ár verið látnir fjármagna tugmilljarða fjarskiptakerfi, sem nú liggja inni í GR. Því hefur okkur, sem höfum þann starfa að veita íslenskum heimilum og fyrirtækjum fjarskiptaþjónustu, komið á óvart að GR hefur þráfaldlega neitað að selja Símasamstæðunni aðgang að þessum sameiginlegu innviðum, nema gegn þeim afarkostum að keypt séu geypidýr óþarfa atriði í leiðinni, sem hvorki nýtast Símasamstæðunni né viðskiptavinum okkar.

Míla er reglustýrt heildsölufyrirtæki í fjarskiptum, sem selur öllum fjarskiptafélögum margháttaðan aðgang að kerfum sínum um allt land. Fara þau viðskipti fram undir vökulu opinberu eftirliti, sem er afdráttarlausara en þekkist í öðrum löndum. GR, á hinn bóginn, sinnir nær eingöngu hinu arðbæra höfuðborgarsvæði og hefur fram til þessa setið beggja vegna borðs, verið bæði heildsali og smásali, í margháttuðum hagsmunaárekstrum við viðskiptavini sína. GR lýtur ekki sömu reglustýringu og Míla, heldur rekur GR lokað kerfi sem útilokar eðlilegan aðgang, en hefur nú samt óskað eftir aðstoð yfirvalda til að ná til sín afþreyingarefni Símans, án eðlilegra viðskiptasamninga við rétthafa efnisins.

Til lengri tíma skiptir þessi skrýtna staða reyndar ekki öllu, þar sem Míla mun á næstu tveimur árum ljúka við að uppfæra innviði sína og ljósleiðarakerfi á höfuðborgarsvæðinu, með afar ódýrum og umhverfisvænum hætti. Þeir sem hafa áhuga á góðri nýtingu opinberra aðfanga og að umhverfisgæðum sé ekki sóað í tilgangsleysi, hljóta enn fremur að fagna afgerandi yfirlýsingu framkvæmdastjóra GR nú um helgina, um að allir eigi að geta „notað grunninnviði frá hverjum sem er“. Ég geri því ráð fyrir fundi á næstu dögum á til að ganga frá samningum um aðgang Símasamstæðunnar að innviðum GR.

# Tillögur að leiðréttingum fyrir fjárlög 2017



María Óskarsdóttir
formaður kjarahóps ÖBÍ

Í umræðum fyrir alþingiskosningar í október sl. setti almenningur heilbrigðismál og málefni aldraðra og öryrkja efst á forgangslistann. Kjarahópur ÖBÍ hvetur nýja þingmenn til að hafa áhrif á fjárlagagerð ríkisins fyrir árið 2017 í því skyni að bæta verulega kjör örorkulífeyrisþega. Kjör meginþorra örorkulífeyrisþega eru mjög bág, en lífeyrir almannatrygginga hefur lítið hækkað en á sama tíma hefur húsnæðis- og heilbrigðiskostnaður ítrekað hækkað.

Síðustu ár hafa árlegar hækkanir lífeyris almannatrygginga verið á bilinu 3% til 9,7%, nema fyrir árið 2010 þegar engin hækkun varð. Slíkar prósentuhækkanir á lágar tekjur þýða lágar krónutöluhækkanir. Óskertur örorkulífeyrir almannatrygginga hefur hækkað um 60 þús. kr. frá árinu 2009, en hann er í dag kr. rúmar 212 þúsund kr. sem þýðir rúmar 185 þús. kr. útborgað. Miðgildi heildartekna örorkulífeyrisþega er lítið hærra, eða rúmar 250 þús. kr. og hefur hækkað um 50 þús. kr. frá árinu 2009. Á sama tíma hafa heildarlaun fullvinnandi launamanna hækkað þrisvar sinnum meira eða um 150 þúsund kr. Reyndar er það svo að örorkulífeyrir almannatrygginga hefur hækkað mun minna en launavísitalan á sama tímabili og hefur valdið mikilli kjaraskerðingu hjá öryrkjum.

**Upphæðin 390.250 kr. er ekki úr lausu lofti gripin heldur er hérna stuðst við framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara, en það viðmið gerir ráð fyrir mánaðarlegum útgjöldum samtals 134.108 kr. fyrir utan húsnæðiskostnað.**

Kjarahópur ÖBÍ leggur megináherslu á eftirfarandi tillögur til að bæta kjör örorkulífeyrisþega: Lífeyrir almannatrygginga hækki í 390.250 kr. á mánuði og dregið verði verulega úr tekjutengingum í almannatryggingakerfinu. Þá er lagt til að persónuafsláttur hækki og verðgildi hans verði sama og hann var við upphaf staðgreiðslukerfisins árið 1988.

**Ekki lúxusviðmið**

Upphæðin 390.250 kr. er ekki úr lausu lofti gripin heldur er hérna stuðst við framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara, en það viðmið gerir ráð fyrir mánaðarlegum útgjöldum samtals 134.108 kr. fyrir utan húsnæðiskostnað. Hér er ekki um neitt lúxusviðmið að ræða, langt frá því, heldur getur framfærsluviðmiðið gefið vísbendingar um hvaða tekjur einstaklingur þarf að lágmarki til að geta framfleytt sér.

Framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara er ætlað til styttri tíma heldur en viðmið ýmissa annarra, t.d. dæmigerð viðmið velferðarráðuneytisins. Framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara og neysluviðmið velferðarráðuneytisins eru sett fram án húsnæðiskostnaðar. Því er bætt við áætluðum húsnæðiskostnaði að upphæð 157.500 kr. á mánuði.

Ætla má að barnlaus einstaklingur þurfi að minnsta kosti 296.608 kr. á mánuði til ráðstöfunar til að standa undir lágmarksframfærslu. Til að hafa ráðstöfunartekjur að upphæð 296.608 kr. á mánuði þarf einstaklingur að vera með 390.250 kr. á mánuði fyrir skatt. Málefnahópur ÖBÍ um kjaramál leggur því áherslu á að lífeyrir almannatrygginga sé ekki undir 390 þúsund kr. á mánuði.

Kjarahópur ÖBÍ leggur enn fremur áherslu á að draga þurfi verulega úr tekjutengingum og þá sérstaklega að afnema þurfi krónu á móti krónu skerðingar. Því leggur hópurinn til að sérstök framfærsluuppbót, sem skerðist krónu á móti krónu við nær allar tekjur, verði felld inn í tekjutrygginguna og breyting þessi taki gildi þann 1. janúar 2017.


Fasteignir til sölu

GILDI










**Skútahraun 2 - verð kr. 210 m**
Atvinnuhúsnæði 992 m². Eign með miklum tekjumöguleikum. 32 útleiguherbergi og 2 atvinnubil með innkeyrsluhurðum.

**Nýbýlavegur 32 - verð kr. 55 m**
Atvinnuhúsnæði 240 m². Er á 1. hæð með góðri innkeyrsluhurð. Eignin er með góðum leigusamningi.

**Kistumelur 14 - verð kr. 34 m**
Atvinnuhúsnæði 285 m². Frábært atvinnubil á tveimur hæðum, jarðhæð 205 m² og á millilofti 80 m². Mikil lofthæð 9,5 m og góð 5 m innkeyrsluhurð










**Barmahlíð 8 - verð kr. 125 m**
Íbúðarhúsnæði 4x75 m². Fjórar 2 og 3 herbergja íbúðir. Sér inngangur í allar íbúðirnar. Frábærar leigueiningar og góð staðsetning í Hlíðunum.

**Miklabraut 50 - verð kr. 31,5 m**
Íbúðarhúsnæði, 112,1 m² á jarðhæð. Íbúðin er 3ja herbergja og 109 m² og að auki 3 m² geymsla.

**Grandavegur 47 - verð kr. 65 m**
Atvinnuhúsnæði 285 m², sem skipt hefur verið upp í 4 íbúðir. Mjög góð leigueining á frábærum stað í Versturbæ.

Grétar - Sími 840 3992
gretar@viklaw.is

Hafsteinn - Sími 690 3031
hafsteinn@lundurfasteignir.is

GILDI FASTEIGNAFÉLAG

FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT



**Systur með fimmtán gullverðlaun** Eygló Ósk og Jóhanna Gerða Gústafsdætur voru afar sigursælar á Íslandsmeistaramótinu í 25 m laug sem fór fram um helgina. Þær hafa báðar tryggt sér keppnisrétt á HM í 25 m laug sem fer fram í Kanada í næsta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR






# Vill gerast atvinnumaður

**Eygló Ósk Gústafsdóttir hefur fengið ótal boð frá bandarískum háskólum en vill frekar koma sér að hjá keppnisliði í Evrópu og fá borgað fyrir að synda.**

**SUND** Eygló Ósk Gústafsdóttir ætlar að byggja sig upp fyrir Ólympíuleikana í Tókýó sem atvinnumaður í sundi í Evrópu, fremur en að þekkjast boð um námsstyrk í Bandaríkjunum. Þetta staðfesti hún í samtali við Fréttablaðið.

„Það er svo margt sem spilaði inn í þessa ákvörðun. En í grunninn tel ég að það hafi ekki verið rétti kosturinn fyrir mig að fara til Bandaríkjanna. Ég tel betra að finna mér stað í Evrópu þar sem ég get einbeitt mér algerlega að sundinu,“ segir Eygló Ósk, sem var valin íþróttamaður ársins í fyrra.

Eygló Ósk er 21 árs og hefur verið að fá boð frá bandarískum háskólum í fimm ár. „Ég hef fengið ótal tölvupósta frá hinum ýmsu háskólum,“ segir hún. „En það lá alltaf fyrir hjá mér að klára menntaskólann á Íslandi fyrst. Það kom svo til greina hjá mér að fara til Bandaríkjanna eftir það en ég ákvað að það væri ekki fyrir mig.“

> Ég hef fengið ótal tölvupósta frá hinum ýmsu háskólum í Bandaríkjunum.
>
> Eygló Ósk Gústafsdóttir sundkona

### Byrja á fullu í janúar

Eygló Ósk hefur tekið því rólega síðan hún keppti á Ólympíuleikunum í Ríó í sumar. Þar komst hún í úrslit í 200 m baksundi og hafði þar með betur í samkeppni við marga fyrrverandi heims- og Ólympíumeistara. En þrátt fyrir að hafa tekið því rólega, ætlar hún ekki að slá slöku við. „Í janúar byrja ég að æfa á fullu og mun ekki hætta fyrr en að Ólympíuleikunum í Tókýó kemur. Ég hef enn rosalega mikinn metnað fyrir því sem ég vil gera en það er líka nauðsynlegt að taka sér hlé þegar tækifæri gefst, ekki síst fyrir andlegu hliðina,“ bætir hún við.

Þess ber þó að geta að þrátt fyrir að hafa haft hægt um sig hefur hún æft daglega í sundlauginni.

### Keppa um peningaverðlaun

Næst á dagskrá er að finna sér vettvang þar sem hún verður næstu þrjú og hálfa árið. Í því skyni hefur hún verið að þreifa fyrir sér og prófaði í haust að vera í æfingabúðum í Frakklandi.

„Ég dýrka þjálfarann minn á Íslandi og gæti vel hugsað mér að vera áfram hér, ef ég hefði líka stórt keppnislið á bak við mig. En fyrst svo er ekki verður maður að leita annað,“ útskýrir hún.

„Fyrst og fremst vil ég finna mér góðan stað þar sem ég get einbeitt mér að sundi án þess að hafa áhyggjur af fjárhagslegu hliðinni. Það er hægt að finna sér keppnislið þar sem maður er á launum og keppa á mótum þar sem peningaverðlaun eru í boði,“ segir hún.

„Ég er tilbúin að prófa allt þar sem góð tækifæri eru í boði. En ég ætla að flýta mér hægt og taka mér góðan tíma til að taka endanlega ákvörðun.“

eirikur@frettabladid.is

## Nýjast

**Enska úrvalsdeildin**

**West Brom - Burnley 4-0**

1-0 Matt Philips (4.), 2-0 James Morrison (16.), 3-0 Darren Fletcher (37.), 4-0 Salomón Rondón (64.).

Jóhann Berg Guðmundsson og félagar í Burnley fengu skell gegn West Brom í gær. Jóhann Berg lék fyrstu 79 mínútur leiksins og átti tvö ágætis skot sem Ben Foster, markvörður West Brom, varði.

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Chelsea | 28 | C. Palace | 11 |
| Liverpool | 27 | West Ham | 11 |
| Man City | 27 | Hull | 10 |
| Arsenal | 25 | Sunderland | 8 |
| Tottenham | 24 | Swansea | 6 |

**HVERJUM MÆTA STRÁKARNIR?**



Í dag verður dregið í riðla fyrir EM í körfubolta á næsta ári. Dráttúrinn fer fram í Istanbúl í Tyrklandi. Fulltrúar KKÍ verða viðstaddir dráttinn. Ljóst er að Ísland verður í riðli með Finnum en löndin náðu samkomulagi um að leika saman í riðli og hjálpast að við mótshald. Ísland er í neðsta styrkleikaflokki með Bretlandi, Úkraínu og Rúmeníu. Íslendingar geta dregist í riðil með Spáni, Frakklandi eða Serbíu úr 1. styrkleikaflokki. Grikkland, Ítalía, Tékkland og Lettland koma til greina úr 2. styrkleikaflokki, Slóvenía eða Georgía úr 4. styrkleikaflokki og Þýskaland, Belgía, Pólland eða Svartfjallaland úr 5. styrkleikaflokki. Finnar eru í 3. styrkleikaflokki.

**HÆTTI VEGNA HJARTAGALLA**

Blikinn Guðmundur Atli Steinþórsson neyddist til að hætta knattspyrnuiðkun eftir að hann greindist með hjartagalla í sumar. „Lífið heldur áfram og fótboltinn er ekki allt. En maður er vissulega leiður yfir þessu enda búinn að vera í íþróttinni síðan maður var krakki. Svo er þetta tekið af manni á einu augnabliki,“ sagði Guðmundur Atli við íþróttadeild 365 í gær. Hann er 29 ára sóknarmaður sem gekk í raðir Blika frá HK fyrir síðastliðið tímabil.

**HÖRÐUR AFTUR Í KEFLAVÍK**

Hörður Axel Vilhjálmsson, leikstjórnandi íslenska karlalandsliðsins í körfubolta, er genginn í raðir Keflavíkur á nýjan leik. Hörður Axel samdi við Keflavík í upphafi sumars en ákvað svo að fara til liðs í Grikklandi. Hörður Axel stoppaði stutt við þar og tók tvo leiki með Keflavík áður en hann samdi við Hubo Limburg United í Belgíu. Hann hefur nú ákveðið að snúa aftur heim og mun Keflavík njóta krafta hans það sem eftir lifir tímabils. Hörður Axel er kominn með leikheimild og verður með Keflavík þegar liðið mætir Haukum í 8. umferð Domino's-deildarinnar á föstudaginn.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | Meistarad.messan | Sport |
| 19.40 | Monaco - Tottenham | Sport 2 |
| 19.40 | Sporting- R. Madrid | Sport 3 |
| 19.40 | Sevilla - Juventus | Sport 4 |
| 19.40 | Leicester - C. Brugge | Sport 5 |
| 21.45 | Meistarad.mörkin | Sport |


BORGAÐU MEÐ NETGÍRÓ FYRIR 31. DESEMBER OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ 1.200.000*
*100.000 kr. inneign á mánuði í 12 mánuði.
Jólareikningur Netgíró
Þú borgar jólainnkaupin 1. febrúar 2017
Netgíró
Kynntu þér jólareikning Netgíró á www.netgiro.is
Þú borgar aðeins 195 kr. tilkynningar- og greiðslugjald (ef fjárhæð er yfir 3.000 kr., annars 0 kr.) og 3,95% lántökugjald.

ÞETTA GERÐIST: 22. NÓVEMBER 1963

## Kennedy forseti ráðinn af dögum í Dallas

John F. Kennedy, 35. forseti Bandaríkjanna, var myrtur í Dallas í Texas þennan dag árið 1963.

Forsetinn sat í opnum blæjubíl, ásamt eiginkonu sinni Jacqueline, þegar skotið var á þau úr launsátri. Hinn meinti morðingi, Lee Harvey Oswald, skaut þremur skotum ofan af sjöttu hæð í nálægri byggingu og Kennedy var úrskurðaður látinn hálftíma síðar.

Lyndon Johnson varaforseti tók samstundis við völdum.

Fjölmargar samsæriskenningar hafa verið á lofti um morðið og margir hafa velt vöngum yfir því hvort Oswald hafi verið keyptur til verksins. Oswald var fæddur árið 1939 og gekk til liðs við bandaríska herinn sautján ára að aldri. Síðan fór hann til Sovétríkjanna árið 1959 og sumir héldu að hann hefði starfað fyrir kúbversk og rússnesk stjórnvöld. Það fékkst aldrei staðfest.

Oswald var skotinn til bana þegar verið var að færa hann í fangelsi. Morðingi hans, Jack Ruby, var dæmdur til dauða en lést úr lungnabólgu á meðan hann beið eftir ákvörðun áfrýjunardómstóls.



---



†

Elskuleg móðir, dóttir, unnusta, systir,

**Arna Dóra Guðmundsdóttir**

frá Akranesi,

lést á sjúkrahúsinu í Bornholm í Danmörku 14. nóvember síðastliðinn.

**Aðstandendur hinnar látnu.**

---



†

Móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Else Mia Einarsdóttir**

bókasafnsfræðingur og menningarmálastjóri,

lést í Ósló 17. nóvember. Minningarathöfn verður haldin í Reykjavík í ársbyrjun 2017 og verður auglýst nánar síðar.

**Hjördís Figenschou**
**Berit Nyman**
**Einar Hjörleifsson**
**Kristiina Björklund**
**Snorri B. Einarsson**
**Silja B. Einarsdóttir**

---



†

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Friðrik Ásmundsson**

Höfðavegi 1 í Vestmannaeyjum,

lést 19. nóvember. Útför hans verður gerð frá Landakirkju laugardaginn 26. nóvember kl. 13.00.

**Ásmundur Friðriksson**
**Óskar Pétur Friðriksson**
**Elías Jörundur Friðriksson**
**og fjölskyldur.**

---



†

Okkar elskulega

**Ingunn Elísabet Einarsdóttir**

lést í Hollandi 3. nóvember síðastliðinn. Minningarguðsþjónusta verður haldin í Glerárkirkju, Akureyri föstudaginn 25. nóvember kl. 13.30.

**Bergljót Jónsdóttir**
**Amid Ayub**
**Sebastian Einar Oostrom**
**Einar Ingi Einarsson**
**Eva Úlfsdóttir**
**Jóhann Kristján Einarsson**
**Anna Margrét Árnadóttir**
**Stefán Einarsson**
**Kolfinna Magnúsdóttir**
**Lárus Ragnar Einarsson**
**Lilja Björk Þráinsdóttir**
**Liam og Emma**

---



†

Hjartkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, stjúpmóðir, systir, mágkona, amma og langamma,

**J. Sigríður Elentínusdóttir**

Ásbraut 15, Kópavogi,

lést á LSH í Fossvogi mánudaginn 14. nóvember. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 24. nóvember kl. 13.00.

**Haukur Reynir Ísaksson**
**Sigurður Sverrir Witt**
**Rachel Parker Witt**
**Ingunn Hildur Hauksdóttir**
**Þröstur Þorbjörnsson**
**Svanhildur Elentínusdóttir**
**Einar Hjaltested**
**Margeir Elentínusson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---

Nærgætni, hlýja og virðing · Við andlát ástvinar



Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353



Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚFR REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

---



†

Ástkær systir okkar, mágkona og frænka,

**Björk Gunnarsdóttir**

Lautarvegi 18,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 23. nóvember kl. 15. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ás styrktarfélag.

**Margrét Ásta Gunnarsdóttir**
**Guðlaugur S. Helgason**
**Páll Gunnarsson**
**og frændsystkini.**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðfinnur Sigurvinsson**

fyrrverandi bæjarstjóri í Keflavík, til heimilis að Miðholti 5, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut umvafinn ást og hlýju sinna nánustu þann 16. nóvember síðastliðinn. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 24. nóvember klukkan 13.

**Gíslína Jóhannesdóttir**
**Sigurvin Br. Guðfinnsson**
**Dagfríður Arnardóttir**
**Gísli Rafn Guðfinnsson**
**Edda Guðrún Guðfinnsdóttir**
**Magnús Ívar Guðfinnsson**
**Guðrún S. Björnsdóttir**
**Birgir Guðfinnsson**
**Guðlaug Karlsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Móðir okkar,

**Kristín Jónasdóttir**

lést á hjartadeild Landspítalans föstudaginn 18. nóvember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Erla Snorradóttir**
**Sigmundur Snorrason**
**Hrafnhildur Snorradóttir**
**Bára Snorradóttir**
**Bryndís Snorradóttir**
**Ásdís Snorradóttir**
**Birna Snorradóttir**
**Snorri Birgir Snorrason**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Inga Edith Karlsdóttir**

Þórðarsveig 1,

sem lést á líknardeild Landspítalans 16. nóvember, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 23. nóvember kl. 13.00.

